



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Smiðju
Tjarnagötu
101 Reykjavík

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 24. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 viðurkenning námsbrautarlýsinga o.fl.), 154. mál, 157. löggjafarþing

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (viðurkenning námsbrautarlýsinga o.fl.), 157. löggjafarþing, 154. mál. Samtökin fagna áherslum stjórnvalda á eflingu iðnnáms enda mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt starfsnámskerfi sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings. Málið er endurflutt frá 156. löggjafarþingi með fáeinum breytingum og vilja samtökin ítreka sjónarmið sem fram komu í umsögn sinni vegna málsins þar sem gerðar voru athugasemdir við að framhaldsskólum væri falið að staðfesta ráðningarsamband nema og vinnuveitenda ásamt því að framhaldsskólum væri veitt forræði á mati á hæfni nemenda.¹ Nánar verður fjallað um einstaka greinar hér í framhaldi.

Um 11. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins kemur fram að framhaldsskólar beri ábyrgð á ráðningarsamningum og kjaramálum nemenda í vinnustaðanámi. Samtökin telja ástæðu til að endurskoða ákvæðið. Ráðningarsamband nemanda og vinnustaðar fellur undir lög og kjarasamninga á vinnumarkaði. Skólum ber því ekki að bera ábyrgð á slíkum samningum eða skyldum sem snúa að launakjörum nemenda. Jafnframt vilja samtökin ítreka mikilvægi þess að í lögunum verði gerður skýr greinarmunur á annars vegar almennri starfshálfun og hins vegar vinnustaðanámi í löggiltum iðngreinum. Í löggiltum iðngreinum, þar sem námi lýkur með sveinsprófi, hefur vinnustaðanámið sérstöðu. Þar byggist hæfnimat á staðfestum færniþáttum samkvæmt aðalnámskrá og gildandi hæfnikröfum greinarinnar. Slíkt mat er á ábyrgð viðkomandi iðnmeistara, ekki skóla. Skóli getur stutt við framkvæmdina með skráningu námsframvindu en ber ekki faglega ábyrgð á matsniðurstöðum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsdraganna er lagður til nýr málslíður við 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 sem kveður á um að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi sé í höndum iðnmeistara, fyrirtækis eða stofnunar, undir umsjón skólameistara. Í því samhengi leggja samtökin áherslu á að rafræn ferilbók er fyrst og fremst skráning á framvindu nemanda á vinnustað með það markmið að meta hæfni hans. Hæfnimatið byggist á samningi milli meistara og nema, og samkvæmt núverandi fyrirkomulagi telst hæfni nemanda náð þegar hann hefur uppfyllt allar kröfur í rafrænni ferilbók, skráð þær sjálfur og fengið staðfestingu meistara.

¹ [Umsögn-Samtaka-ídnadarins-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-logum-um-framhaldsskóla-vidurkenning-namsbrautarlysingar-o.fl.-282.-mal-.pdf](#)



Vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína um óskýrleika ákvæðisins er varðar aðkomu fulltrúa skóla í þessu samhengi í ljósi þess að eingöngu meistari hefur yfirsýn yfir hæfni og getu nemandans í verklegum þáttum á vinnustað. Staðfesting á hæfni nemenda í vinnustaðanámi og einstökum verkþáttum ferlibókar, nánar tiltekið námsmat í vinnustaðanámi, er og á að vera alfarið á forræði iðnmeistara og/eða tilsjónarfólks í umboði viðkomandi meistara. Ef tilgangurinn ákvæðisins er að styrkja rétt nemenda að leita réttar síns ef upp koma álitamál er varðar samskipti milli nema og fyrirtækis þarfnast ákvæðið skýrara orðalags en að óbreyttu má skilja ákvæðið á þann hátt að skólameistarar hafi heimild til endurmats. Samtökin kalla eftir auknum skýrleika með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Lokaorð

Framtíð vinnustaðanáms þarf að byggjast á virku samstarfi skóla og atvinnulífs þar sem iðnneminn er í forgrunni. Samtökin eru reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til að útskýra sjónarmið sín nánar og vonast til að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum hjá SI